

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 291 31. des. 1964, um breyting á reglugerð nr. 200 30. des. 1958, sbr. reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík, nr. 200 24. des. 1957.

1. gr.

Í stað „1.2%“ í 1. gr. komi: 1.5%.

2. gr.

Í stað „kr. 1.50“ í 2. gr. komi: kr. 2.00.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglugerð nr. 200/1958 með ofangreindum breytingum, skal felld inn í reglugerð nr. 200/1957, og gefin þannig út sem reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir landshöfnina í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 25 14. febrúar 1963.

1. gr.

VII. kafli (30.—49. gr.) reglugerðarinnar orðist þannig:

VII. KAFLI**Um hafnargjöld í Keflavík—Njarðvík.**

30. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en brotum sleppt.

1. Lestagjald.

31. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

32. gr.

a. Skip, sem eiga heima í Keflavík og Njarðvíkum og minni eru en 20 brúttórúmllestir, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí kr. 5.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Sama gjald greiða geymsluskip, þótt stærri séu en 20 brúttórúmllestir.

Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum.